

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um flóðahættu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Telur ráðherra eða almannavarnaráð að tjóna- og slyshætta af völdum stórflóða í ætt við Básendaflóðið árið 1799 hafi aukist, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, í ljósi breytinga á sjávarbotni vegna mikillar malartöku þaðan?
2. Hafa farið fram rannsóknir á sjónum kringum höfuðborgarsvæðið til að meta slíka áhættu?